

Mál nr. 1/2012

Ár 2012, þriðjudaginn 18. desember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2012

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsméðferð siðanefndarkærða móttók ekki.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 7. febrúar 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann YY við tíkina ZZ þar sem hvorugt undaneldisdýranna var með gilt augnvottorð. Kæran var send kærú til umsagnar með bréfi dagsettu 10. febrúar 2012 og henni gefin andmælafrestur til 9. mars. Kærða svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni gefinn viðbótarfrestur til 24. apríl sem hún virti ekki heldur. Var þá boðaður sáttafundur með og deiluaðilum hinn 30. október 2012. Fundarboðið sent með ábyrgðarpósti en kærða móttók ekki póstinn og mætti þar af leiðandi ekki á sáttafundinn. Eigi að síður var haldinn sáttafundur í málinu 30. október. Á fundinum og var hringt til kærðu sem svaraði og var henni kynnt ástæða hrigningarinnar og henni boðið að koma að sínum sjónarmiðum. Engar málsbætur komu fram á fundinum og ekki tókust sættir. Ákvað siðanefnd því að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var rakkinn YY paraður við tíkina ZZ og fæddust 7 hvolpar 29. september 2011. Bæði rakkinn og tíkin eru í eigu kærðu. Hundarnir eru af hundakyninu Siberina Husky. Við pörunina sem átti sér stað um mánaðamót júlí-ág 2011 voru hvorki rakkinn né tíkin með gild augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt og ekki komið fram með neinar haldbærar skýringar.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Siberian Husky:

„Augnvottorð: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörun fór fram voru rakkinn og tíkin ekki með gild augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki gefið neinar haldbærar skýringar á brotinu og lítur siðanefnd svo á að hún eigi sér engar málsbætur. Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og hlotið áminningu.

IV Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

sign: Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir